

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar
vegna dælustöðvar fráveitu við Lækjarskóga.**

Skipulagsstofnun staðfesti 7. nóvember 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar 2021-2033 sem samþykkt var í bæjarstjórn 28. ágúst 2023.

Í breytingunni felst skilgreining nýs landnotkunarreits I-243 fyrir fráveitumannvirki við Lækjarskóga norðan íbúðarbyggðar Skógahverfis.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 7. nóvember 2023.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 21. nóvember 2023